

2. gr.

12

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 5 milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði skv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 1.6 milljónir króna, þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{2}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

9. febr.

3. gr.

Framkvæmdir skv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggja nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveituna og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu, sem um ræðir í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

13

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

9. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. málsg. 3. gr. laganna komi:

Nú er fasteignaskattur af eign samkvæmt 1. gr. lægri en 10 krónur, og skal hann þá ekki innheimtur.

Skatturinn skal jafnan standa á heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við innheimtu fasteignaskatts á manntalsþingum 1951.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.